

Jafnréttisáætlun

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, karla og kvára skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynja á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Lög um grunnskóla nr. 91/2008 kveða á um að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skuli allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.

Í jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir að fræðsla um jafnréttismál skuli veitt á öllum skólastigum. Starfsfólk á öllum skólastigum skuli fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur af öllum kynjum undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Kynjasjónarmiða skuli gætt við skipulag náms og framsetningu kennsluefnis. Þess skuli gætt á öllum skólastigum að allir foreldrar óháð kyni, þjóðfélagsstöðu, þjóðerni, litarhætti, móðurmáli og forræði barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum (Jafnréttisstefna Mosfellsbæjar 2011).

Jafnréttisáætlun Kvíslarskóla byggir á ákvæðum ofangreindra laga, aðalnámskrá grunnskóla og fylgir jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar. Einnig er tekið mið af stjórnarskrá Íslands þar sem varinn er réttur alls fólks og enn fremur ýmsum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirritað. Áætlunin nær til allra þátta skólastarfsins, þ.e. náms, kennslu, námsframboðs, námsefnis, starfsmannahalds, ráðninga, endurmenntunar, aðbúnaðar, samskipta og samstarfs heimilis og skóla.

Áætlunin nær annars vegar yfir jafnrétti kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Markmið jafnréttisáætlunar Kvíslarskóla eru meðal annars þau, að stuðla að því að allir eigi jafnan rétt, beri jafnar skyldur og að einstaklingum sé ekki mismunað.

Starfsmönnum og nemendum Kvíslarskóla skal því ekki mismunað vegna kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Með jafnréttisáætluninni lýsir Kvíslarskóli vilja sínum til þess að jafna hlut ólíkra einstaklinga sem og vilja sínum til þess að bregðast við þeim aðstæðum sem benda til misréttis.

Samkvæmt Jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar er framkvæmd jafnréttisstefnu hluti af árlegum starfsáætlunum bæjarins þar sem svið og stofnanir setja sér mælanleg markmið og raunhæfar leiðir í jafnréttismálum (Jafnréttisstefna Mosfellsbæjar 2011). Jafnréttisáætlun Kvíslarskóla verður endurskoðuð samhliða árlegri starfsáætlun skólans.

Kvíslarskóli mun jafnframt koma til móts við jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar, sem gerir ráð fyrir að unnið sé markvisst að því að auka jafnréttisvitund starfsfólks.

Þá mun jafnréttisáætlunin verða kynnt árlega og vera aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri bera ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og sjá um að kosið sé í jafnréttisnefnd. **Framkvæmdaáætlun - Almennt**

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímasetning
Að framfylgja jafnréttisáætlun skólans.	Skipa jafnréttisnefnd fyrir skólaárið 2022 - 23	Skólastjóri	Ágúst 2023
Jafnréttisáætlunin verði kynnt og sé aðgengileg á heimasíðu skólans.	Jafnréttisnefnd falið að kynna áætlunina fyrir starfsfólki, sem svo kynnir hana nemendum og foreldrum.	Skólastjóri	September 2023

Áætlunin verður endurskoðuð reglulega í samræmi við þróunina á vinnustaðnum.	Jafnréttisnefnd endurskoðar áætlunina samhliða endurskoðun starfsáætlunar skólans.	Skólastjóri	Apríl 2023
--	--	-------------	------------

Starfsmenn Kvíslarskóla

Leitast skal við að starfsmenn skólans verði meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér.

Kynferði skal aldrei ráða launa- eða starfskjörum starfsmanna Kvíslarskóla. Starfsmenn skulu eiga sem jafnastan aðgang að því sem talið er til hlunninda.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið öllum kynjum. Kvíslarskóli vill jafna hlut kvenna og karla í starfsliði skólans og mun hvetja þá er teljast tilheyra minnihlutahópum meðal starfsliðs að sækja um þær stöður sem auglýstar eru lausar við skólann.

Konur, karlar og kvár skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru.

Ráðstafanir verða gerðar til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrundvelli.

Námskeið verða, sem hluti af símenntunaráætlun skólans, í boði fyrir alla starfsmenn. Þar verða meðal annars fengnir fagmenn til þess að leiðbeina kennurum og starfsfólki Kvíslarskóla hvernig kynna megi og fræða nemendur skólans um jafnréttisáætlunina og almennt um jafnréttismál.

Reglulega munu skólastjórnendur láta fara fram athugun á stöðu jafnréttismála innan skólans sem gætu t.d. verið í formi formlegra spurningakannana, viðtala eða með öðrum viðurkenndum aðferðum.

Kynferðisleg áreitni skal ekki liðin í Kvíslarskóla í neinu formi. Með því er t. a. m. átt við myndir, orðfæri, samskipti eða gamansemi sem vísa til kynferðis eða kynhneigðar og eru á einhvern hátt niðurlægjandi fyrir viðkomandi.

Ágreiningsmál hvað þetta varðar geta komið upp og er þá skólastjórnenda og/eða skólaskrifstofu skylt að taka slík mál til viðeigandi meðferðar.

Starfsmaður skólans sem uppvís verður að kynferðislegri áreitni gegn nemendum skólans skal umsvifalaust vikið úr starfi og málinu vísað til barnaverndarnefndar.

Framkvæmdaáætlun - Starfsmenn

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að gæta að jafnræði í launa- og starfskjörum.	Gæta þess að konur, karlar og kvár fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Leiðréttu mun ef óútskýranlegur mismunur kemur fram. Í starfsauglýsingum verði konur, karlar og kvár hvött til að sækja um.	Skólaskrifstofa Launaskrifstofa Skólastjóri	Stöðumat árlega og oftast ef þurfa þykir.
Að konur, karlar og kvár njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Að námstilboð fyrir starfsfólk skólans höfði til karla, kvenna og kvára.	Haft að leiðarljósi við gerð símenntunar- áætlunar skólans.	Skólastjóri Jafnréttisnefnd	Maí 2024
Að endurskoða stöðu jafnréttismála innan skólans.	Haft að leiðarljósi í starfsmannakönnunum á vegum bæjarins og starfsmannaviðtölum.	Skólaskrifstofa Skólastjóri	Nóvember 2023 Mars 2024

Að kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum.	Fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk ásamt kynningu á vinnureglum um hvernig skuli bregðast við ef slíkt kemur upp.	Skólastjóri Jafnréttisnefnd	September 2023
---	---	--------------------------------	-------------------

Nemendur Kvíslarskóla

Með jafnréttisáætlun Kvíslarskóla er leitast við að koma til móts við alla nemendur eins og hægt er til þess að auka vellíðan og þroska þeirra á meðan á námi stendur.

Rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið héraðs benda til að kyn séu félagslega ólík og þarfir þeirra misjafnar.

Aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans skal vera jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna.

Jafnt aðgengi kynja skal vera að upplýsingum um réttindi og skyldur nemenda og hið sama á við um námstilboð, kennslu- og námsgögn og aðstöðu til náms sem og aðgengi þeirra að heimildaöflun.

Einstaklingar þroskast mismunandi hratt á grunnskólaárunum og er því sveigjanleiki og fjölbreytni mikilvæg til þess að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins.

Leitast skal við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem gagnast öllum kynjum.

Ef námsárangur nemenda er kynjaskiptur skal leitast við að jafna þann mun t.d. með kynjaskiptingu í viðkomandi grein eða beita nýjum kennsluaðferðum, ef þurfa þykir.

Lögð er áhersla á að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólanum skulu nemendur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Nemendur eiga rétt á markvissri jafnréttisfræðslu og að hún sé hluti af öllu skólastarfi. Þess vegna verður jafnréttisfræðslan samþætt öllu skólastarfinu og tekið tillit til hennar í öllum námsgreinum. Reynt verður að nýta það námsefni sem til er um jafnréttismál en jafnframt fylgjast vel með nýju efni sem að gagni kann að koma.

Réttur nemenda Kvíslarskóla er að vinna í fordómalausum umhverfi þar sem jafnrétti og virðing ríkir. Í lögum segir að kennslu- og námsgögn skuli þannig úr garði gerð að þau mismuni ekki kynjum og kynhneigð. Námsbækur verða reglulega skoðaðar með tilliti til staðalímynda kynjanna.

Þá vill Kvíslarskóli sniðganga námsefni sem felur í sér kynþáttahyggju, samkynhneigðarfærni eða annað það efni sem kann að hafa mótandi áhrif á kynjahlutverk í nútímasamfélagi.

Það er eindreginn vilji Kvíslarskóla að nemendur af öllum kynjum fái kynningu á framhaldsmenntun og störfum í þjóðfélaginu ekki síst á þeim störfum, þar sem eitt kyn er í meirihluta í viðkomandi grein eða fagi.

Þá hafa nemendur rétt á og eru hvattir til að gagnrýna það sem betur mætti fara innan skólans á þessum vettvangi sem og almennt í samfélaginu.

Ennfremur er það eindreginn vilji Kvíslarskóla að tryggja að námsárangur beggja kynja sé svipaður og í þeim tilvikum sem ójafnvægi er milli kynjanna verði leitað til fagaðila til að greina orsakir misskiptingar þar sem leitast verður við að finna leiðir til úrbóta.

Nemendur Kvíslarskóla eiga ekki að þurfa að þola kynferðislega áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem orðfæri, samskiptum eða gamansemi sem er niðurlægjandi fyrir kynin. Nemendur eiga hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi samnemenda sinna né af starfsmönnum skólans.

Lagðar verða fyrir kannanir meðal nemenda og foreldra þar sem leitast verður við að leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum.

Stjórnendur Kvíslarskóla hafa í samvinnu við starfsmenn skólans umsjón með og bera ábyrgð á að jafnréttisáætlun skólans sé kynnt ítarlega fyrir nemendum.

Framkvæmdaáætlun - Nemendur

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að vinna samkvæmt markmiðum aðalnámskrár þar sem jafnrétti í skólum eru tilgreind.	Kennarar taki mið af markmiðum sem lúta að kennslu í jafnréttismálum og ber að taka mið að því við gerð kennsluáætlana.	Skólastjóri Kennarar	Ágúst 2023

<p>Að viðhafa fjölbreyttar kennsluáðferðir við jafnréttisfræðslu og að námsbækur og annað námsefni verði í reglulegri endurskoðun auk þess sem kennarar verða hvattir til að fylgjast með nýju efni sem að gagni má koma við fræðsluna.</p>	<p>Kennarar finni námsefni og verkefni sem eiga að fylgja jafnréttis- markmiðum aðalnámskrár. Kennurum bent á að kynna sér gagnagrunninn www.menntagatt.is. www.jafnrettiiskolum.is</p>	<p>Skólastjóri Kennarar</p>	<p>Ágúst 2023 og þegar við á.</p>
<p>Að kynna fyrir öllum nemendum framhaldsmenntun og störf í þjóðfélaginu.</p>	<p>Lagðar verði fyrir áhugasviðsgreiningar og nemendur fái tækifæri til að kynna sér atvinnulífið af eigin raun.</p>	<p>Kennarar Náms- og starfsráðgjafar</p>	<p>Dreifist á skólaárið með hliðsjón af starfs- og kennsluáætlunum.</p>
<p>Að koma til móts við öll kyn í valgreinum innan skólans.</p>	<p>Gera könnun á meðal nemenda varðandi óskir um valgreinar og gæta þess að koma á móts við öll kyn í framboði á vali.</p>	<p>Deildarstjóri Náms- og starfsráðgjafar</p>	<p>Apríl og maí 2023</p>
<p>Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynferðislegri áreitni í skólastarfinu hvort sem er af hálfu annarra</p>	<p>Að fræða nemendur um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna samkvæmt markmiðum í aðalnámskrá. Nemendum verði kynnt hvert þeir geta leitað ef þeir telja sig verða fyrir áreitni.</p>	<p>Skólastjórnendur Skólahjúkrunarfræðingur Kennarar</p>	<p>September 2023</p>

nemenda eða starfsfólks.			
Að leggja reglulegt mat meðal nemenda og foreldra á stöðu jafnréttismála í skólanum.	Niðurstöður Skólapúlsins, foreldraviðtala og nemendaviðtala skoðaðar með tilliti til þessa. Gæta þess að reglulega fari fram mat um stöðu jafnréttismála í könnunum á vegum skólans.	Skólastjórnendur Jafnréttisnefnd	Dreifist á skólaárið með hliðsjón af foreldraviðtölum og öðrum könnunum.